



Launavísitala - opinberi markaðurinn leiðir þróunina

Launavísitalan hækkaði um 0,3% milli mars og apríl, samkvæmt tölum Hagstofu Íslands. Síðustu 12 mánuði hefur launavísitalan hækkað um 7,4%, sem er töluvert minni ársbreyting en á fyrstu mánuðum ársins. Launavísitalan hefur hækkað mun meira undanfarið á opinbera markaðnum en þeim almenna.

Í apríl 2020 hækkaði launavísitalan um 3,3%, aðallega vegna áfangahækkana kjarasamninga, og er það ástæðan fyrir mikilli lækkun milli ára í apríl. Launavísitalan hefur nú hækkað um samtals 4,7% frá áramótum þannig að launabreytingar eru enn töluverðar. Ekki verður um frekari almennar launahækkunar að ræða samkvæmt kjarasamningum fyrr en í janúar 2022 þannig að þess má vænta að mánaðarleg þróun launavísitölu verði að öðru jöfnu með rólegra móti fram að því.

Í nýlegri [þjóðhagsspá Hagfræðideildar](#) spáðum við því að launavísitalan myndi hækka um 7,9% milli ársmeðaltala 2020 og 2021, síðan um 5,6% á árinu 2022 og 3,5% á árinu 2023.

Kaupmáttur launa enn í hæstu hæðum

Vísitala neysluverðs hækkaði um 4,6% milli aprilmánaða 2020 og 2021. Launavísitalan hækkaði um 7,4% á sama tímabili þannig að kaupmáttaraukningin á milli ára er 2,7%.

Kaupmáttur launa er því áfram mikill í sögulegu samhengi, þrátt fyrir aukna verðbólgu á síðustu mánuðum. Kaupmáttarvísitala lækkaði um 0,4% milli mars og apríl 2021.

Opinberi markaðurinn hækkar meira

Launin á almenna markaðnum hækkuðu um 8,7% frá febrúar 2020 fram til sama tíma 2021 og um 16% á þeim opinbera, 13,9% hjá ríkinu og 18,5% hjá sveitarfélögunum. Á sama tíma hækkaði launavísitalan fyrir alla um 10,6%. Þess ber að geta að kjarasamningar opinberra starfsmanna voru almennt gerðir vorið 2020, mun seinna en á almenna markaðnum, og gætir þeirra hækkana í þessum tölum.

12 mánaða hækunartaktur launa





Laun á opinbera markaðnum hafa hækkað mun meira en á þeim almenna milli febrúarmánaða 2020 og 2021. Á fyrstu tveimur mánuðum ársins 2021 hækkuðu laun á almenna markaðnum um 3,2%, en um 6,3% á þeim opinbera. Það er líklegt að áhrif vinnutímastýttingar á opinbera markaðnum hafi töluverð áhrif þarna og þess er að vænta að þeirra áhrifa muni gæta eitthvað áfram, t.d. vegna vinnutímastýttingar vaktavinnufólks á opinbera markaðnum sem tók gildi nú í maí.

Á síðustu misserum myndaðist bil á milli launaþróunar á þessum tveimur mörkuðum þar sem kjarasamningar á opinbera markaðnum voru gerðir mun seinna en á þeim almenna. Launaþróunin hefur verið mun hraðari á opinbera markaðnum á síðustu mánuðum þannig að þetta bil hefur nú verið brúað að fullu og rúmlega það. Þróun launa á opinbera og almenna markaðnum hefur yfirleitt verið með álíka hætti yfir lengri tímabil, en þar sem um eitt og hálf ár er eftir af núgildandi kjarasamningi, þar sem flestir hópar eru í sama umhverfi, er ekki líklegt að sá munur sem kominn er fram núna jafnist í bráð.


Launabreytingar starfsstétta

Af starfsstéttum á almenna markaðnum hækkuðu laun verkafólks mest milli febrúarmánaða 2020 og 2021, um 13,7%. Laun stjórnenda hækkuðu minnst, eða um 4,3%. Launavísitalan hækkaði um 10,6% á þessu tímabili þannig að laun verkafólks hafa hækkað mun meira en meðaltalið og laun stjórnenda verulega minna. Meginmarkmið síðustu kjarasamninga var að lægstu laun hækkuðu meira en þau hærri. Þessar niðurstöður, þar sem laun verkafólks og þjónustu-, sölu- og afgreiðslufólks hækka áberandi mest, benda til þess að þau markmið hafi gengið nokkuð vel eftir.


Laun í atvinnugreinum

Meðal atvinnugreina á almenna markaðnum hækkuðu laun milli febrúarmánaða 2020 og 2021 mest milli ára á veitinga- og gististöðum og í veitustarfsemi, í kringum 12,5%, og minnst í fjármála- og váttryggingarstarfsemi um 5%.


Launaþróun á tveimur mörkuðum



Launahækkun starfsstétta febrúar 2020 - febrúar 2021



Launahækkun í atvinnugreinum - febrúar 2020 - febrúar 2021






Launa- og tekjuþróun hagstæð en veikur vinnumarkaður

Þróun launa um þessar mundir er í nokkru ósamræmi við margar aðrar stærðir í hagkerfinu. Sú breyting hefur orðið á seinustu árum að áföll á vinnumarkaði vegna kreppu koma meira fram í atvinnuleysi en áður. Fyrr á tímum lækkaði kaupmáttur launa yfirleitt mikið í kreppum vegna gengisfalls og mikillar verðbólgu.

Launavísitala er ekki góður mælikvarði á þróun tekna í samfélaginu. Í nýlegri þjóðhagsspá Hagfræðideildar kom fram að ráðstöfunartekjur heimilanna jukust mikið á árinu 2020, eða um rúm 7%, og kaupmáttur ráðstöfunartekna á mann jókst um 2,5%. Þrátt fyrir að launatekjur heimilanna hafi dregist saman um 2% milli ára jukust lífeyristekjur og félagslegar tilfærslur um 27% sem skýrir mikla hækkun ráðstöfunartekna.

Ráðstöfunartekjur og kaupmáttur



Heimild: Hagstofa Íslands, Hagfræðideild Landsbankans

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.